b. Svar utanríkisráðherra til sendiherra Ísraels.

Reykjavík, 10. október 1980

Sendiherra.

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar dags. í dag, sem hljóðar svo:

[*Sjá orðsendingu hér að framan*]

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands getur fallist á ofangreindar tillögur og að orðsending yðar og svar þetta skoðast sem samkomulag milli ríkisstjórna vorra sem tekur gildi í dag og gildir þar til önnur hvor ríkisstjórnin segir því upp.

Ég votta yður, sendiherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

Ólafur Jóhannesson
utanríkisráðherra

Sendiherra Ísraels
Hava Hareli
Reykjavík

b. Reply from the Minister for Foreign Affairs to the Ambassador of Israel

Reykjavík, 10 October 1980

Your Excellency,

I have the honour to acknowledge receipt of Your Excellency's Note of today's date which reads as follows:

[*See Note above*]

I have the honour to confirm that the foregoing proposals are acceptable to the Government of Iceland and that your Note and this reply constitute an arrangement between our two Governments which shall enter into force today and remain in force until denounced by either Government.

I avail myself of this opportunity to renew to Your Excellency the assurances of my highest consideration.

Ólafur Jóhannesson
Minister for Foreign Affairs

H. E. Ms. Hava Hareli
Ambassador of Israel
Reykjavík

Nr. 20. 29. desember 1980.

AUGLÝSING

um samning við Pólland um samstarf og gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Hinn 24. október 1979 var undirritaður í Varsjá samningur milli Íslands og Póllands um samstarf og gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Í samræmi við 18. gr. samningsins tekur hann gildi í dag.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Pólska alþýðulýðveldisins um samstarf og gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Pólska alþýðulýðveldisins

sem stefna að því að þróa vinsamlegt samstarf ríkjanna,

sem æskja þess að stuðla að auknum efnahagslegum samskiptum ríkjanna og auðvelda umferð fólks og vöruflutninga milli þeirra,

sem eru þess fullvissar að beint samstarf milli tollstjórna muni stuðla að áhrifaríkari baráttu gegn brotum á tollalöggjöf eins og mælst var til af tollasamvinnuráðinu 5. desember 1953,

og með tilliti til ákvæða lokasamþykktar ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

1. Í þessum samningi merkir:

(a) „tollalöggjöf" ákvæði sem varða innflutning, útflutning, flutning og geymslu á vörum, og tolla eða önnur innflutnings- eða útflutningsgjöld sem tollstjórnum er falið að framfylgja samkvæmt lögum samningsaðila.

(b) „tollstjórn" að því er varðar lýðveldið Ísland tolladeild fjármálaráðuneytisins og að því er varðar Pólska alþýðulýðveldið Aðaltollstjórn.

2. Ákvæði samnings þessa, er varða brot á tollagjöf sem framin eru með ólöglegum verknaði, skulu einnig gilda um tilraun, undirbúning og hlutdeild í broti.

2. gr.

Innan ramma samnings þessa skulu tollstjórnir samningsaðila:

AGREEMENT

between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Polish People's Republic on mutual co-operation and assistance in Customs matters

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Polish People's Republic

aiming at developing friendly co-operation between both States,

prompted by the desire to contribute to the further development of economic relations and to facilitate the traffic of persons and goods between both States,

convinced that direct co-operation between Customs Administrations will enhance effectiveness in combating infringements of Customs regulations, as recommended by the Customs Co-operation Council on 5 December 1953,

taking into consideration the provisions of the Final Act of the Conference on Security and Co-operation in Europe,

have agreed as follows:

Article 1

1. For the purposes of this Agreement:

(a) the term "Customs regulations" means the provisions concerning the importation, exportation, carriage and storage of goods and Customs duties or other charges on importation or exportation, the enforcement of which, under the law of the Contracting Parties, the Customs Administrations are responsible for;

(b) the term "Customs Administration" means in the case of the Republic of Iceland the Customs Division of the Ministry of Finance and in the case of the Polish People's Republic the Central Board of Customs.

2. The provisions of the Agreement relating to the cases of infringements of Customs regulations effected by prohibited action shall apply also to cases of attempted infringements, preparation of infringements and assistance in committing infringements.

Article 2

Within the framework of the Agreement, the Customs Administrations of the Contracting Parties shall:

(a) leitast við að auðvelda umferð fólks og vöruflutninga með því að auka náið samstarf sitt, og

(b) veita hvor annarri gagnkvæma aðstoð í að vinna gegn brotum á tollalöggjöf.

3. gr.

Tollstjórnir samningsaðila skulu skiptast á:

(a) sérfræðilegum upplýsingum og reynslu, einkum með tilliti til nýjunga í tækniaðferðum við tolleftirlit, og

(b) textum tollalöggjafar og vísindalegum og sérfræðilegum ritverkum um ýmis tollamál.

4. gr.

1. Tollstjórnir samningsaðila munu að fengnum tilmælum veita hvor annarri aðstoð er miðar að því að koma í veg fyrir, upplýsa og sækja til saka fyrir brot á tollalöggjöf. Aðstoð tekur til sérhverrar viðeigandi aðgerðar, einkum yfirheyrslna manna sem grunaðir eru um að hafa framið afbrot, svo og vitna og sérfræðinga, og rannsóknar og töku muna sem geta verið sönnunargögn.

2. Aðstoð mun ekki verða veitt í tilvikum þar sem úrskurður vegna brots á reglum heyrir undir dómstóla samkvæmt löggjöf þess samningsaðila sem tilmælum er beint til.

3. Aðstoð tekur ekki til handtöku, vettvangsleitar, leitar á mönnum eða innheimtu og innheimtuaðgerða vegna tolla, annarra innflutnings- og útflutningsgjalda, sekta eða annarra gjalda.

5. gr.

1. Að fengnum tilmælum frá tollstjórn annars samningsaðila skal tollstjórn hins samningsaðila láta í té upplýsingar um eftirtalið:

(a) staðfestingu á því að tollinnsigli og auðkennismerki séu gild, svo og skjöl sem gefin hafa verið út eða löggilt af þar til bærum stjórnvöldum þess samningsaðila sem tilmælum er beint til og afhent hafa verið tollyfirvöldum þess samningsaðila sem aðstoðar beiðist,

(b) hvort útflutningur vara frá yfirráðasvæði annars samningsaðila til yfirráðasvæðis hins samningsaðila hefur farið fram í samræmi við tollalöggjöf þess samningsaðila sem tilmælum er beint til,

(a) endeavour to facilitate the traffic of persons and goods by further increasing their close co-operation; and

(b) afford each other mutual assistance in combating infringements of Customs regulations.

Article 3

The Customs Administrations of the Contracting Parties shall exchange with each other:

(a) professional information and experience, especially with regard to the application and use of modern technological means for Customs control; and

(b) the texts of Customs regulations and scientific and professional works on various Customs matters.

Article 4

1. The Customs Administrations of the Contracting Parties will, on request, afford each other assistance in order to prevent, detect and prosecute infringements of Customs regulations. The assistance will include any appropriate action, notably the interrogation of persons suspected of committing an offence, as well as of witnesses and experts, and the examination and seizure of objects which can constitute evidence.

2. Assistance will not be afforded in cases where, under the law of the requested Contracting Party, the decision on the breach of the regulations lies within the terms of reference of the Courts.

3. The arrest of persons, the search of spaces or persons and the collection and enforcement of Customs duties, other charges on importation and exportation, fines and other charges do not fall within the scope of the assistance.

Article 5

1. At the request of the Customs Administration of one Contracting Party, the Customs Administration of the other Contracting Party shall provide information concerning the following matters:

(a) The authenticity of Customs seals and identification marks or documents issued or authenticated by the competent organs of the requested Contracting Party and submitted to the Customs organs of the requesting Contracting Party;

(b) whether the exportation of goods from the territory of one of the Contracting Parties into the territory of the other Contracting Party has been made in accordance with the Customs regulations of the requested Contracting Party;

(c) hvort vörur sem fluttar hafa verið út frá yfirráðasvæði annars samningsaðila til yfirráðasvæðis hins samningsaðila hafi verið fluttar inn á það yfirráðasvæði í samræmi við tollalöggjöf þess samningsaðila sem tilmælunum er beint til, og hvers konar tollmeðferð þær hafa fengið,

(d) atriði er tengjast skjölum varðandi vöruflutninga, ef þau atriði vekja grun um að brot á tollalöggjöf hafi verið framið á yfirráðasvæði annars eða beggja samningsaðila.

2. Tollstjórn annars samningsaðila skal að eigin frumkvæði og svo skjótt sem auðið er láta tollstjórn hins samningsaðila í té upplýsandi:

(a) atvik er vekja grun um að tolllagabrot sé í bígerð á yfirráðasvæði hins samningsaðila,

(b) uppgötvun nýs búnaðar eða aðferða til að fremja brot á tollalöggjöf.

6. gr.

1. Tollstjórn annars samningsaðila skal að fengnum tilmælum hins samningsaðila halda uppi innan marka valdsviðs síns eftirliti með:

(a) komu og brottför manna sem rökstuddur grunur er um að hafi brot á tollalöggjöf hins samningsaðila að fastri tekjulind,

(b) vörum sem samkvæmt upplýsingum frá þeim samningsaðila sem aðstoðar beiðist eru notaðar til víðtæks ólöglegs flutnings til yfirráðasvæðis þess samningsaðila sem aðstoðar beiðist frá yfirráðasvæði þess samningsaðila sem tilmælum er beint til,

(c) skipum, flugvélum og ökutækjum sem grunur er um að notuð séu við tolllagabrot á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem aðstoðar beiðist.

2. Niðurstöður þess eftirlits sem 1. mgr. kveður á um skulu kunngjörðar tollstjórn þess samningsaðila sem aðstoðar beiðist.

7. gr.

Tollstjórnir samningsaðila skulu að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni og svo skjótt sem auðið er skiptast á öllum upplýsingum er varða tolllagabrot sem tollstjórnir samningsaðila hafa

(c) whether goods exported from the territory of one of the Contracting Parties into the territory of the other Contracting Party have been brought into this territory in accordance with the Customs regulations of the requested Contracting Party and what kind of Customs procedure they have been subject to;

(d) on the circumstances connected with the documents concerning the movement of goods, if those circumstances give rise to the suspicion that an infringement of the Customs regulations has taken place on the territory of one or both Contracting Parties.

2. The Customs Administration of one Contracting Party shall on its own initiative and as promptly as possible provide the Customs Administration of the other Contracting Party with information concerning:

(a) the circumstances giving rise to a suspicion that a Customs offence is in the offing on the territory of the other Contracting Party;

(b) disclosure of new means and methods of committing infringements of Customs regulations.

Article 6

1. The Customs Administration of one Contracting Party, on the request of the Customs Administration of the other Contracting Party, shall within its field of competence maintain surveillance over:

(a) arrivals and departures of persons reasonably suspected of making the infringement of the Customs regulations of the other Contracting Party a permanent source of income;

(b) goods which, according to the information provided by the requesting Contracting Party, are the subject of extensive illicit traffic from the territory of the requested Contracting Party into the territory of the requesting Contracting Party;

(c) ships, aircraft and road vehicles suspected of being used for committing Customs offences on the territory of the requesting Contracting Party.

2. The result of the surveillance provided in paragraph 1 shall be made known to the Customs Administration of the requesting Contracting Party.

Article 7

The Customs Administrations of the Contracting Parties shall exchange, on their own initiative or on request and as promptly as possible, all information on Customs offences the combating

sérstakan áhuga á að vinna gegn. Varðar þetta einkum ólöglegan flutning á ávana- og fíkniefnum, vopnum, skotfærum, sprengiefnum og munum sem hafa menningarlegt gildi, svo og á hátollavörum eins og áfengi og tóbaksvörum.

of which is of particular interest to the Customs Administrations of the Contracting Parties. This concerns, in particular, illicit traffic in narcotic drugs and psychotropic substances, arms, ammunition, explosives and objects of culture, as well as the traffic in goods subject to high duties, such as alcohol and tobacco products.

8. gr.

Tollstjórn annars samningsaðila skal tilkynna tollstjórn hins samningsaðila um meiri háttar tolllagabrot sem framin eru á yfirráðasvæði sínu af mönnum sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði hins samningsaðila. Ekki er þó skylt að veita upplýsingar um eigin ríkisborgara.

Article 8

The Customs Administration of one Contracting Party shall inform the Customs Administration of the other Contracting Party about the cases of major Customs offences committed on its territory by persons permanently residing on the territory of the other Contracting Party. The providing of information on its own citizens is, however, not obligatory.

9. gr.

1. Synja má um aðstoð eða binda hana ákveðnum skilyrðum ef veiting aðstoðar gæti skaðað sjálfstæði, öryggi, almannafrið eða aðra viðkomandi hagsmuni þess samningsaðila sem tilmælum er beint til.

2. Ef tilmæli geta ekki að öllu leyti eða að hluta fengið jákvæða meðferð ber að tilkynna þeim samningsaðila sem aðstoðar beiðist þar að lútandi án tafar.

Article 9

1. Assistance may be refused, or it may be made contingent on the fulfilment of specified terms, if affording assistance might involve infringing upon the sovereignty, security, public order or other relevant interests of the requested Contracting Party.

2. If a request cannot be positively resolved in whole or in part, the requesting Contracting Party should be notified accordingly without delay.

10. gr.

Þegar aðstoð er veitt samkvæmt ákvæðum samnings þessa, gilda lög þess samningsaðila sem tilmælum er beint til.

Article 10

In affording the assistance provided for in this Agreement, the law of the requested Contracting Party shall be applied.

11. gr.

1. Upplýsingar og skjöl sem móttekin hafa verið sem þáttur í aðstoð má aðeins nota í þeim tilgangi sem samningur þessi kveður á um og aðeins með þeim skilmálum sem ákveðnir eru af tollstjórn þess samningsaðila sem lét upplýsingarnar eða skjölin í té. Einungis má veita öðrum aðilum, stjórnvöldum eða embættum aðgang að þeim ef fyrir liggur ótvírætt samþykki tollstjórnar þess samningsaðila sem látið hefur í té upplýsingarnar eða skjölin. Framangreint á ekki við um upplýsingar varðandi ávana- og fíkniefni, vopn, skotfæri og sprengiefni.

2. Upplýsingar og skjöl sem látin eru í té samkvæmt samningi þessum skal opinberlega

Article 11

1. Information and documents received as part of assistance shall be used only for the purposes of the present Agreement and only on the terms laid down by the Customs Administration of the Contracting Party which furnished the information or documents. They may be made available to other persons, authorities or services only if the Customs Administration of the Contracting Party which has furnished the information or documents gives its express consent. The foregoing does not apply to information or documents concerning the infringement of regulations relative to narcotic drugs and psychotropic substances, arms, ammunition and explosives.

2. Information and documents provided under this Agreement shall be officially classified on the

flokka á yfirráðasvæði þess samningsaðila sem tekur við þeim eftir þeim reglum sem þar gilda um eigin upplýsingar og skjöl sama eðlis.

territory of the recipient Contracting Party according to the same procedure as applies in that territory to its own information or documents of the same kind.

12. gr.

Upplýsingar og skjöl sem móttekin eru samkvæmt samningi þessum má einnig nota sem sönnunargögn fyrir dómi. Um gildi þeirra við slíka meðferð fer eftir lögum viðkomandi samningsaðila.

Article 12

The information and documents received under this Agreement may also be used as evidence in court. The mode of their validity in such procedure is as defined by the law of the respective Contracting Party.

13. gr.

1. Skýrslur og önnur skjöl skulu almennt látin í té í formi staðfestra afrita eða samrita. Afhending skýrslna og annarra skjala í frumriti skal aðeins óskað þegar afrit eða samrit þeirra eru ekki fullnægjandi.

2. Skýrslum og öðrum skjölum í frumriti og öðrum gögnum ber að skila aftur til tollstjórnar þess samningsaðila sem tilmælum er beint til svo fljótt sem auðið er, og hefur þetta ekki áhrif á réttindi þess samningsaðila sem tilmælum er beint til eða á réttindi þriðja aðila.

Article 13

1. Files and other documents shall, as a rule, be made available in the form of authenticated copies or duplicates. The transfer of files and other documents in originals shall be requested only if copies or duplicates thereof are not sufficient.

2. The original files, documents and other objects are to be returned to the Customs Administration of the requested Contracting Party as promptly as possible, the existing rights of the requested Contracting Party or third persons remaining intact.

14. gr.

1. Sú samvinna og aðstoð sem gert er ráð fyrir í samningi þessum skal framkvæmd með beinum samskiptum tollstjórna samningsaðila. Samningsaðilar skulu hafa samvinnu um úrlausn vandamála og vafaatriða sem upp kunna að koma í túlkun eða framkvæmd samnings þessa.

2. Ef nauðsyn krefur munu fulltrúar tollstjórna beggja samningsaðila halda fundi til þess að bæta framkvæmd samnings þessa.

Article 14

1. Co-operation and assistance envisaged under the present Agreement shall be effected through direct contacts between the Customs Administrations of the Contracting Parties. The Contracting Parties shall co-operate in resolving any difficulties or doubts which may arise in the interpretation or implementation of the present Agreement.

2. If necessary, representatives of the Customs Administrations of the two Contracting Parties will hold meetings to enhance implementation of the present Agreement.

15. gr.

Bréfaskipti milli samningsaðila varðandi málefni er varða samning þennan skulu fara fram á opinberum tungumálum þeirra, en ensk þýðing skal fylgja hverju sinni.

Article 15

Correspondence on matters relative to this Agreement shall be conducted by the two Contracting Parties in their official languages, with an English translation being enclosed every time.

16. gr.

Tollstjórnir samningsaðila hafa heimild til að gera þá framkvæmdarsamninga sem nauðsynlegir eru til að framfylgja samningi þessum.

Article 16

The Customs Administrations of the Contracting Parties may conclude such executive agreements as are necessary for the implementation of this Agreement.

17. gr.

Hvor samningsaðili um sig skal standa straum af eigin útgjöldum vegna samnings þessa.

Article 17

Each Contracting Party shall bear its own expenses incurred under this Agreement.

18. gr.

1. Samningur þessi skal staðfestur svo sem löggjöf hvors samningsaðila kveður á um.

2. Samningur þessi tekur gildi innan 60 daga frá því að skipst hefur verið á orðsendingum þar sem því er lýst yfir að ófrávíkjanleg skilyrði fyrir gildistöku samningsins hafi verið uppfyllt svo sem löggjöf hvors samningsaðila kveður á um.

19. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn. Hvor samningsaðili um sig getur sagt honum upp með tilkynningu og fellur hann þá úr gildi einu ári síðar.

GJÖRT í Varsjá hinn 24. október í tveimur eintökum á íslensku, pólsku og ensku og teljast allir textarnir jafngildir. Rísi ágreiningur um túlkun samnings þessa skal farið eftir enska textanum.

Fyrir ríkisstjórn
lýðveldisins Íslands
Þorsteinn Geirsson

Fyrir ríkisstjórn
Pólska alþýðulýðveldisins
E. Dostojewski

Article 18

1. The present Agreement is subject to approval according to the law of each of the Contracting Parties.

2. The present Agreement will come into force within 60 days of the exchange of notes stating that the prerequisites indispensable for bringing the Agreement into effect have been fulfilled in accordance with the internal law of each of the Contracting Parties.

Article 19

This Agreement is concluded for an indefinite period of time. It may be denounced in the form of a notification by each of the Contracting Parties, whereupon it will expire after a period of one year.

Done at Warsaw on the 24th of October, in duplicate in the Icelandic, Polish and English languages, each text being equally authentic. In the event of differences in the interpretation of this Agreement, the English text shall prevail.

For the Government
of the Republic of Iceland
Þorsteinn Geirsson

For the Government
of the Polish People's Republic
E. Dostojewski

Nr. 21. 29. desember 1980.

AUGLÝSING

um samstarfssamning við Evrópumiðstöð fyrir meðallangdrægar veðurspár.

Með orðsendingaskiptum dagsettum 20. nóvember 1980 var gengið frá samstarfssamningi milli Íslands og Evrópumiðstöðvar fyrir meðallangdrægar veðurspár. Samkomulagið tók gildi 1. desember 1980.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.